

Persónuverndarstefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) starfar samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Lbhí ber ábyrgð á skráningu, vistun og vinnslu persónuupplýsinga sem einstaklingar hafa látið skólanum í té og/eða verða til á meðan á starfi og/eða námi við skólann stendur. Lbhí einsetur sér að tryggja öryggi og trúnað við meðferð og vinnslu á persónuupplýsingum, sem unnið er með innan skólans í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og reglur Reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga eins og hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

Tilgangur persónuverndarstefnu þessarar er að upplýsa nemendur, starfsmenn og aðra hagaðila Lbhí um hvaða persónuupplýsingum er safnað, með hvaða hætti þær eru nýttar og varðveittar.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar teljast hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, sbr. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

Söfnun og meðhöndlun á persónuupplýsingum

Lbhí safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur um skólavist, skráða nemendur, starfsmenn og aðra hagaðila.

Eftirfarandi eru dæmi um þær upplýsingar sem eru skráðar í tengslum við nemendur, starfsmenn og/eða aðra hagaðila.

- Nafn, kennitala, lögheimili eða upplýsingar um dvalarstað, símanúmer og netfang.
- Póstlistar sem notaðir eru til miðlunar á upplýsingum er varða nám, kennslu og aðrar fréttir af starfi skólans. Miðlunin nær til nemenda jafnt sem starfsfólks. Hægt er að

óska eftir afskráningu af póstlista á personuvernd@lbhi.is þegar ekki er lengur þörf á að koma skilaboðum sem tengjast náminu til nemenda.

- Upplýsingar um námsframvindu og viðveru.
- Upplýsingar úr samskiptum, t.d. úr símtölum og/eða gegnum tölvupóst.
- Viðkvæmar persónuupplýsingar í formi læknisvottorða.
- Mat á námi sem aðili hefur látið skólanum í té.
- Upplýsingar um sérþarfir sem nemandi eða forráðamaður lætur skólanum í té.
- Útlán af bókasafni skólans.
- Ljósmyndir sem teknar eru af viðburðum tengdum skólastarfinu þar sem nemendur, starfsfólk og aðrir gestir koma fyrir. Umræddar myndir eru eign skólans og geta verið notaðar í markaðssetningarskyni.
- Umsóknir, þar sem fram koma tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, kynningarbréf, upplýsingar um menntun o.s.frv.
- Vefsíða skólans safnar vefkökum.

Ekki er um tæmandi lista að ræða þar sem aðrir þættir geta haft áhrif á þær upplýsingar sem safna þarf í þágu starfseminnar. Upplýsingasöfnunin miðar fyrst og fremst að því að Lbhí geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu sem menntastofnun.

Vinnsla persónuupplýsinga

Starfsfólk Lbhí skal ávallt hafa persónuverndarstefnu þessa og meginreglur persónuverndarlaganna að leiðarljósi þegar unnið er með persónuupplýsingar. Ekki skal vinna með persónuupplýsingar nema til staðar sé fullnægjandi heimild fyrir vinnslunni í persónuverndarlögum. Starfsfólk stofnunarinnar skal ávallt gæta ítrustu varúðar við vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi persónuverndarlaganna.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Lbhí getur þurft miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila á grundvelli þjónustusamnings og skal það ávallt gert á grundvelli persónuverndarlaga..

Öryggi gagna

Lbhí leitast við að vista öll gögn á öruggan hátt, þar sem áhersla er lögð á verndun persónuupplýsinga. Notast er við aðgangsstýringar í tölvukerfum skólans til að uppfylla skilyrði um verndun og öryggi gagna. Leitast er við að vernda persónuupplýsingar gegn breytingum eða glötun, ásamt því að vernda upplýsingarnar gegn óleyfilegum aðgangi, notkun, afritun eða miðlun þeirra. Lbhí er bundinn af ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Mögulegt er að koma á framfæri athugasemdum eða leiðréttingum, séu upplýsingar taldar rangar. Athugasemdir munu fylgja umræddum gögnum til geymslu í skjalasöfnum þar sem við á.

Varðveisla persónuupplýsinga

Lbhí er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Það þýðir að stofnuninni er óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með sérstakri heimild þjóðskjalavarðar.

Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum

Hægt er að óska eftir afriti af persónuupplýsingum um sig hjá Lbhí og skal slík beiðni afgreidd eins fljótt og auðið er og helst innan eins mánaðar.

Endurskoðun á persónuverndarstefnu

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og kann að taka breytingum eftir því sem við á.

Athugasemdir eða ábendingar berist með tölvupósti á: personuvernd@lbhi.is.

Samþykkt af af Háskólaráði þann 26.janúar 2021